

# Leiðarvisir

fyrir

## póstafgreiðslumenn.



### 1. gr.

Póstafgreiðslumenn eiga vandlega að kynna sjer póstlög 16. nóv. 1907, reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908, reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum 21. maí 1908 og reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908, sem þeim hafa verið sendar, og fara nákvæmlega eftir því, sem þar er fyrir lagt.

Póstmeistarinn í Reykjavík er nánasti yfirboðari póstafrgreiðslumanna, og á að hafa eftirlit með, að þeir gegni skyldum sínum samkvæmt ofanefndum lögum og reglugjörðum. Hann gjörir þeim kunnar allar þær breytingar, sem kunna að verða á póstgöngum, póststöðvum, burðargjaldsákvæðum o. s. frv., og lætur þeim í tje allar nauðsynlegar leiðbeiningar.

Póstafgreiðslumenn eru skyldir til að afhenda póstmeistara bækur sínar o. fl. til sköðunar, hvenær sem þess kann að verða krafist.

Öll erindi póstafrgreiðslumanna til yfirstjórnar póstmálanna skal senda póstmeistara áleiðis til stjórnarráðsins, til þess að póstmeistari geti látið þeim fylgja ummæli sín.

Vilji póstafrgreiðslumaður takast ferð á hendur, skal hann sækja um fararleyfi samkvæmt því, sem fyrir er mælt í síðasta málslíð 2. greinar í reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908.

### 2. gr.

Póstafgreiðslumenn eiga að hafa nákvæmt eftirlit með því, að brjefhirðingarmenn þeir, sem þeir eru yfir skipaðir, leysi störf sín vel af hendi.

### 3. gr.

Hver póstafrgreiðslumaður afgreiðir póstflutning til póststofunnar í Reykjavík og til allra póstafrgreiðslumanna á sömu póstleið, og til brjefhirðingarmanna

á póstleiðinni, sem eru á milli hans og næstu póstafrgreiðslumanna á báðar hliðar, og að öðru leyti eftir reglum, sem póstmeistari kann að setja.

Þeir póstafrgreiðslumenn, sem búa á viðkomustöðum strandferðaskipanna, hafa og póstsendingaviðskifti við útlönd.

Til þess að nauðsynlegt eftirlit verði haft með því, sem sent er með pósti, skal skrifa það, sem afgreitt er frá póstafrgreiðslustað, á póstsendingaskrár, eftir þeim reglum, sem settar eru í 7. gr., og skal vera sjerstök skrá til hvers póstafrgreiðslustaðar yfir þann flutning allan, sem þangað á að fara, svo og til brjef-hirðingarstaða þeirra, sem hlutaðeigandi póstafrgreiðslumaður á við að skifta.

Innlendar póstsendingar skal skrá til pósthúss þess, sem næst liggur þeim stað, sem sendingin á að fara til.

Póstsendingar til útlanda skulu sendar til póststofunnar í Reykjavík, nema þegar þær, samkvæmt því, sem síðar segir, eru sendar með pótskipunum eða brjefa- og krossbandssendingar með öðrum skipum, samkvæmt 9. gr. í póstlögum 16. nóv. 1907.

Póstafrgreiðslumenn á viðkomustöðum pótskipanna geta sent póstsendingar með þeim beint til útlenda, skráð þær til póststöðvanna á viðkomustöðum skipanna erlendis, en böggulsendingar og peningabrjef má þó ekki senda beint til pósthúsa utanríkis; slíkar póstsendingar verður að skrá til bögglapótsstofunnar í Kaupmannahöfn. Póstafrgreiðslumenn, sem eigi búa á viðkomustað pótskipa, skulu skrá sendingar til póstafrgreiðslumannsins á næsta viðkomustað þeirra, þegar svo stendur á, að það, samkvæmt ferðaáætlun þeirra í sambandi við ferðir landpóstanna, mundi greiða sendingunum fljótari eða jafnfljóta ferð, heldur en að senda þær með landpósti.

Samkvæmt 9. gr. í póstlögum 16. nóv. 1907, má senda almenn brjef og krossbandssendingar með öðrum skipum en pótskipum, bæði innan lands og utan, og skal þá skrá póstsendingarnar til þess pósthúss, sem skipið fer til.

#### 4. gr.

Til flutnings með póstum skulu póstafrgreiðslumenn taka á móti:

a. Lausum brjefum til innlendra og útlendra póststöðva.

Telst þar undir: almenn brjef, spjaldrbrjef og krossbandssendingar, bæði prentað mál, sýnishorn af vöru og snið.

Til innlendra póststöðva má prent í krossbandi, á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, eigi vera þyngra en 2 kílógrömm, og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi þyngra en  $\frac{3}{4}$  kílógramms. Brjef, sýnishorn af vöru og snið mega eigi vera þyngrri en 250 grömm.

Til Danmerkur og Færeyja mega brjef, sýnishorn af vöru, uppdrættir, snið og óbargað prent ekki veða yfir 250 grömm, en prent, sem borgað er fyrir að nokkru eða öllu leyti, má veða alt að 2 kílógrömmum.

56  
23. maí

Til utanríkislanda má prent í krossbandi og skjöl vera 2 kílógrömm að þyngd, en sýnishorn af vöru 350 grömm, en þyngd brjefa er ótakmörkuð.

Allar þessar sendingar má senda sem ábyrgðarsendingar.

- b. Peningabryfum til innlendra og útlendra pósthöðva. Um þyngd þeirra gildir hið sama og um þyngd almennra brjefa.
- c. Bögglum til innlendra og útlendra pósthöðva. Hverri böggulsending á að fylgja fylgibrjef, sem pósthjórnin gefur út; til innlendra og danskra pósthöðva má það vera lokað umslag, eigi yfir 20 grömm að þyngd, en til utanríkis pósthöðva verður það að vera opið spjaldblað. Slíkum fylgibrjefum verða að fylgja tollskrár, ein eða fleiri, sjá töfluna C.

Bögglar mega vega alt að:

- 5 kílógrömmum með skipum,
- 2½ kílógrammi með landpóstum,
- 1 kílógrammi með gangandi póstum.

Bögglar með mótuðum peningum mega þó vega 8 kg. með skipum og landpóstum, en 2½ kg. með gangandi póstum.

- d. Póstávisunum til innlendra og útlendra pósthöðva. Útlendar pósthávisanir verður ætíð að senda til pósthöfunnar í Reykjavík.

Símapóstávisanir og pósthinnheimtuávisanir (sbr. 11. gr.) skal þó senda beint til ákvörðunarstadarins.

- e. Pósthkröfum eða pósthkröfusingum til innlendra og útlendra pósthöðva.

Undir pósthkröfur innanlands skal ætíð nota pósthkröfueyðublöð, sem pósthjórnin gefur út, hvort sem pósthkrafan skal innheimt samkvæmt eyðublaðinu einu eða hún fylgir brjefum eða bögglum. Við pósthkröfur til útlendra pósthöðva skal eigi nota pósthkröfueyðublöð.

- f. Pósthinnheimtusendingum til utanríkis pósthöðva sbr. 11. gr.

- g. Blöðum og tímaritum, sem menn skrifa sig fyrir, þegar þau hafa verið innrituð á pósthstöfunni í Reykjavík.

Að því er snertir ásigkomulag sendinganna, umbúðir og utanáskrift og innsigli, verða þær að fullnægja skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908 og reglugjörð um meðferð á pósthösendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum 21. maí 1908, og verða þær því að eins teknar í ábyrgð pósthstöfnarinnar, að þeim ákvæðum sje nákvæmlega fylgt.

Hluti, sem bannað er að flytja með póstum (sbr. pósthög 16. nóv. 1907, 5. gr., og reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908, 10. gr.), mega pósthafgreiðslumenn ekki taka til flutnings, en hafi það eigi að síður verið gjört, skal fara með þá samkvæmt reglugjörð 7. mars 1908, 10. gr.

Pósthafgreiðslumenn eru skyldir til að taka á móti og afgreiða pósthösendingar frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, þegar þeir eru viðstaddir, eða sjá um, að það verði gjört fyrir þeirra hönd. Á afgreiðslustöðum pósthskipanna verður þetta þó að vera komið undir burtfarartíma skipanna.

5. gr.

56

23. maí

Burðargjald undir sendingar þær, sem 4. gr. segir að póstafgreiðslumenn skuli taka til flutnings, er:

## I. Almenn brjef.

1. Til innlendra póststöðva, Danmerkur og Færeyja, ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 10 aurar
- ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum . . . . . 20 —
- ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum . . . . . 30 —
- Innanbæjar og innansveitarbrjef alt að 250 grömmum . . . . . 4 —

Sje eigi borgað fyrir fram með frimerkjum undir brjef til póststöðva innanlands eða til Danmerkur og Færeyja, verður burðargjaldið tvöfalt við það, sem að ofan segir.

Sje borgunin ónóg, tvöfaldast hið óborgaða burðargjald.

Burðargjald undir brjef til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum hækkar þó ekki, þótt undir þau sje ekki borgað, ef farið er eftir þeim sjerstöku reglum, sem um þau gilda.

## 2. Til landa utan ríkis:

- Fyrir hin fyrstu 20 grömm . . . . . 20 aurar  
og svo 10 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Sje eigi borgað fyrir fram með frimerkjum undir brjef til landa utan ríkis, verður burðargjaldið tvöfalt. Sje ónóg borgað, tvöfaldast það, sem á vantar.

## II. Spjaldbrjef.

- Milli póststöðva innanlands og Danmerkur og Færeyja . . . . . 5 aurar  
Innanbæjar og innansveitar spjaldbrjef . . . . . 3 —  
Til utanríkislanda . . . . . 10 —

Með fyrir fram borguðu svari er burðargjaldið helmingi meira.

## III. Krossbandssendingar.

1. Milli póststöðva innanlands fyrir hver 50 grömm eða minni þunga 3 aurar  
Innanbæjar og innansveitar, alt að 250 gr. . . . . 3 —
2. Til Danmerk r og Færeyja undir hver 50 grömm eða minna . 5 —  
Þó minst 10 aurar fyrir sýnishorn.
3. Til landa utan ríkis, undir hver 50 grömm eða minni þunga . 5 —  
Þó minst 10 aurar fyrir sýnishorn og 20 aurar minst fyrir skjöl önnur en sendibrjef.

Krossbandssendingar (prentað mál, sýnishorn og snið) innanlands skulu ætíð vera fullborgaðar fyrir fram, en til útlanda skal að minsta kosti vera borgað undir þær að einhverju leyti. Sje ónóg borgað undir þær, tvöfaldast það, sem ávantar.

Til Danmerkur og Færeyja má þó senda óborgað krossband, en þá má það eigi vega yfir 250 grömm, og burðargjaldið er hið sama sem fyrir brjef. Ef á sendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna,

56  
23. maí

hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefir fyrir lagt, verða sendingar þessar eigi sendar með póstum, nema sem almenn brjef.

Fyrir ábyrgð hveirrar sendingar, sem talin er að framan, skal greiða:  
Innanlands og utan . . . . . 15 aura  
Ábyrgðarsendingar skulu ávalt vera fullborgaðar fyrir fram.

#### IV. Peningabrjef.

##### 1. Innanlands.

Burðargjald eins og undir almenn brjef, sem borgað er undir fyrir fram, og ábyrgðargjald að auki eftir verðupphæð.

Fyrir 300 krónur og þar undir . . . . .	15 aurar
fyrir yfir 300 kr. að 400 krónum . . . . .	20 —
fyrir yfir 400 kr. að 500 krónum . . . . .	25 —

og svo 5 aurar fyrir hvert hundrað eða brot úr hundraði, sem þar er fram yfir.

##### 2. Til Danmerkur og Færeyja.

Burðargjald eftir þyngd eins og undir almenn brjef þangað, og auk þess ábyrgðargjald af upphæð þeirri, sem í brjefinu er, fyrir hverjar 250 kr. eða minni upphæð 20 aurar.

##### 3. Til landa utan ríkis. Sjá töfluna B.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á póstafrgreiðslustaðnum, þar sem það er afhent, er borgunin fyrir það:

Fyrir 500 kr. eða minni upphæð . . . . .	10 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. af því, sem fram yfir er . . . . .	5 —

Póstafrgreiðslumaður má ekki telja í peningabrjefum til útlanda.

Sje talið í peningabrjefi, skal skrifa á efra horn brjefsins vinstra megin »talið«.

#### V. Böggulsendingar.

##### 1. Milli innlendra póststöðva:

a. Með landpóstum, þegar böggulnir eru settir á póst á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga . . . . . 30 aurar  
frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm eða minni þunga . . . . . 25 —

##### b. Með skipum eingöngu:

Undir hvern böggul . . . . .	10 aurar
og auk þess undir hvert ½ kílógramm . . . . .	10 —

##### c. Innanbæjar og innansveitar:

Undir hvern böggul . . . . .	5 aurar
og auk þess undir hvert ½ kílógramm . . . . .	5 —

Brot úr hálfu kílógrammi telst sem hálf kílógramm.

Böggull, sem eigi er fullfrimerktur, skal eigi fluttur með landpósti, nema á fylgibrjefinu standi »landveg«.

Undir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sé með þá farið, skal borga 50% meira. 56  
23. maí

2. Til Danmerkur og Færeyja.

Undir hvern böggul . . . . . 20 aurar  
og að auki undir hvert  $\frac{1}{2}$  kílógramm . . . . . 5 —

3. Til landa utan ríkis. Sjá töfluna C.

Þegar böggulsending til útlanda er send áleiðis með landpósti, ber, auk burðargjalds þess, sem talið er undir V, 2 og 3, einnig að greiða undir hana burðargjald eftir V, 1 a.

Sje verð tilgreint á böggli, skal ennfremur greiða ábyrgðargjald eftir verðupphæð eins og fyrir peningabrjef.

Sömu reglur gilda um talning peninga í peningabögglum eins og í peningabrjefum.

Sje talið í peningaböggli, skal skrifa bæði á fylgibrjefið og böggulinn »talið«.

Fylgibrjef þau, sem póststjórnin gefur út, kosta 1 eyri hvert. Ef 25 eru keypt í einu kosta þau 20 auru.

VI. Póstávisanir.

1. Til innlendra póststöðva og Danmerkur og Færeyja.

Hver póstávisun má ekki vera að upphæð meira en . . . . . 720 kr.  
Burðargjaldið er undir 25 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aurar  
yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 30 —  
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

2. Til póststöðva utan ríkis.

Hæsta upphæð póstávisana til landa utan ríkis og burðargjald undir þær, er svo sem hér segir:

A. Þýskaland 800 mörk } 9 aurar undir hverjar 18 kr. eða minni  
upphæð; minst 18 aurar.

B. Stóra Bretland með Írlandi, } 18 aurar undir hverjar 18  
Indlandi og breskum nýlend- } 728 kr. } kr. eða minni upphæð;  
um, öðrum en Canada } } minst 36 aurar.

C. Canada 378 kr. } 25 aurar fyrir hverjar 25 kr. eða minni upphæð  
að 100 kr., en 25 aurar fyrir hverjar 50 kr.  
og minna af því, sem þar er fram yfir, uppí  
300 kr., en aðeins 25 aurar undir þær 78 kr.,  
sem þá eru umfram.

D. Rússland 193 kr. sama burðargjald og undir póstávisanir til Canada.

E. Bandaríkin og } 373 kr. } 20 aurar undir hverjar 20 kr. eða minni  
nýlendur þeirra } } upphæð að 100 kr., en 15 a. undir  
hverjar 20 kr. eða minna af því, sem  
fram yfir er; minst 40 aurar.

56 F. Önnur lönd:	Póstávisun alt að:	Burðargj.:
23. maí Austurríki. . . . . 1000 austurr. kr.	36 kr. . . . .	18 aurar
Belgía . . . . . 1000 frankar	72 — . . . . .	36 —
Búlgaría . . . . . 500 lew.	108 — . . . . .	54 —
Egiptaland . . . . . 1000 frankar	144 — . . . . .	72 —
Frakkland . . . . . 1000 frankar	180 — . . . . .	90 —
Grikkland . . . . . 500 frankar	216 — . . . . .	108 —
Holland . . . . . 480 flórinur	252 — . . . . .	126 —
Ítalía . . . . . 1000 frankar	288 — . . . . .	144 —
Japan . . . . . 1000 frankar	324 — . . . . .	162 —
Kongóríkið . . . . . 1000 frankar	360 — . . . . .	180 —
Luxemburg . . . . . 1000 frankar	396 — . . . . .	198 —
Noregur . . . . . 720 krónur	432 — . . . . .	216 —
Portúgal . . . . . 1000 frankar	468 — . . . . .	234 —
Rúmenía . . . . . 1000 lei	504 — . . . . .	252 —
Serbia . . . . . 1000 dinars	540 — . . . . .	270 —
Síam . . . . . 800 mörk	576 — . . . . .	288 —
Sviss . . . . . 1000 frankar	612 — . . . . .	306 —
Svíþjóð . . . . . 720 krónur	648 — . . . . .	324 —
Ungverjaland . . . . . 1000 ungv. kr.	684 — . . . . .	342 —
	720 — . . . . .	360 —

og er það sama sem 18 a. undir hverjar 36 kr. og minni upphæð.

## VII. Póstkröfur.

### 1. Til innlendra pósthöfva.

Hver póstkrafa má ekki vera hærri en 720 kr. Burðargjald undir póstkröfur er hið sama sem undir póstávisanir; auk þess skal greiða venjulegt burðargjald undir póstkröfufusendingar. Burðargjaldið skal limt á póstkröfueyðublaðið í frimerkjum, ef engin sending fylgir, annars á sendinguna eftir venjulegum reglum.

### 2. Til Danmerkur og Færeyja.

Hver póstkrafa má ekki vera hærri en 720 kr.

a. Þegar póstkrafa er lögð á almennt brjef, meðmælingarbrjef eða peningabrjef, skal eigi taka neitt póstkröfugjald, en póstkröfugjaldið, sem er jafnhátt og burðargjald undir póstávisanir, er dregið frá upphæð póstkröfunnar, þegar hún er innheimt og póstkröfuávisunin frímerkt með því.

b. Þegar póstkrafa er lögð á böggulsendingu, skal taka fyrir böggulinn venjulegt burðargjald og að auki póstkröfugjald fyrir upphæðinni, sem er jafnhátt og burðargjald undir póstávisanir.

### 3. Til pósthöfva utanríkis.

1. Þegar póstkröfur fylgja meðmælingarbrjefum og peningabrjefum, má upphæð þeirra vera hin sama og fyr er sagt um póstávisanir. Ekkert

sjerstakt póströfugjald skal heimtað fyrir þær, en gjald þetta, sem er jafnhátt og burðargjald undir póstávisanir, er dregið frá upphæð póströfunnar, þegar hún er innheimt; auk þess skal taka af henni 10 aura í innheimtugjald, sem hvorttveggja limist á póströfuávisunina í frimerkjum. 56  
23. maí

2. Þegar póstkrafa fylgir böggulsendingu, skal taka fyrir böggulinn venjulegt burðargjald, og ábyrgðargjald þegar um verðböggla er að ræða, og auk þess póströfugjald, sem er 15 aurar fyrir hverjar 15 kr. af upphæð póströfunnar.

Upphæð póströfu á bögglum má ekki vera hærri en 720 kr.

Póströfur má senda til þessara landa utan ríkis:

Austurrikis, Belgíu, Búlgaríu, Frakklands, Hollands, Ítalíu, Japans, Luxemburg, Noregs, Portúgals, Rúmeníu Svíþjóðar, Sviss, Ungverjalands og Þýskalands.

#### VIII. Póstinnheimtur til landa utanríkis.

Burðargjald undir póstinnheimtusendingar er hið sama sem undir ábyrgðarbréf með sömu þyngd. Þegar upphæðir á skuldakröfum í póstinnheimtusendingum hafa verið innheimtar, skal fyrst draga frá hverri 10 aura í innheimtulaun og svo venjulegt póstávisanagjald til sendanda undir aðalupphæð þá, sem er eftir, þegar innheimtugjaldið er frá dregið. Burðargjaldið undir ávisunina og innheimtugjaldið skal hvorttveggja limast á póstinnheimtuávisunina í frimerkjum.

Póstinnheimtusendingar má senda til sömu landa og póströfur, þó ekki til Bulgariu, Danmerkur og Japans.

#### IX. Blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt póstlögunum, 11. gr. f.

Burðargjald undir hvert  $\frac{1}{2}$  kílógramm eða minni þunga:

Á tímabilinu frá 15. apr. til 14. okt. að báðum dögum meðtöldum 10 aurar

A tímabilinu frá 15. okt. til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum 30 —

Burðargjaldið borgist fyrirfram í peningum. Það skal vegið í einu lagi, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingarnar sjeu fleiri og til ýmissa.

#### X. Móttökukvittanir.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum, bögglum eða póstávisunum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður að borga undir hann 10 aura, bæði utanlands og innan, er limist á brjefið eða ávisunina í frimerkjum, Móttökukvittunina skal póstaþgreiðslumaður útbúa og festa hana við sendinguna. Á brjefið skal skrifa »A. R«, en yfir 10 aura frimerkið á póstávisuninni skal skrifa »Avis de payment«.

Póstaþgreiðslumaður, sem skilar slíkri sendingu til viðtakanda, skal láta hann undirskrifa kvittunina; síðan sendir hann viðtökupósthúsinu hana í ábyrgðarbrjefi.

Til innlendra póststöðva skal skrifa utan á umslagið »móttökukvittun«, en til útlendra póststöðva: Avis de réception, (þegar um póstávisanir er að ræða »Avis de payment«) bureau de poste à« . . .

**56** XI. Aukaburðargjald.

23. maí

Þegar peningabréf eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg hjer á landi, skal borga aukaburðargjald fyrir þann flutning, 2 auru fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfan burðareyri.

## XII. Borgun á burðargjaldinu.

Burðargjald (og ábyrgðargjald) skal borga fyrirfram undir:

ábyrgðarbrjef;

póstávisanir;

póstkröfur;

póstinnheimtur;

móttökukvittanir;

krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. f. í póstlögunum;

sendingar til konungs og konungsættingja;

sendingar til stjórnarvalda og sveitar eða bæjarstjórna. Þó mega aðrir en stjórnarvöld og sveitar eða bæjarstjórnir senda slíkar sendingar óborgaðar, þegar þær aðeins eru umbeðnar eða heimtaðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni; stjórnarvöld þau og sveitar eða bæjarstjórnir, sem taka á móti þesskonar sendingum, borga þá burðargjaldið við móttöku;

spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo að viðtakandi geti ályktað af því, hvað þau hafi inni að halda.

Borgunina fyrir allar þær sendingar til innlendra póststöðva og Danmerkur og Færeyja, sem eigi eru nefndar í þessari grein, má greiða eftir því, sem sendandi óskar, annaðhvort á pósthúsinu, sem sendingin er send frá, eða því, sem hún er send til, eða að nokkru leyti á báðum stöðum. Peningabréf til Danmerkur og Færeyja skal þó ætíð borga undir fyrirfram að fullu.

Undir peningabréf og böggla til landa utan ríkis verður að borga fyrirfram að fullu.

Burðargjald undir sendingar til útlanda er eigi hægt að borga með þjónustufrimerkjum, þótt um embættissendingar sje að ræða.

Einstakir menn, sem eitthvað senda með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess er krafist af póstjórnninni.

## XIII. Aðrar póstgreiðslur.

## 1. Útburður brjefa með hraðboða.

Frá póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum fást brjef borin til viðtakenda með hraðboða, ef eigi þarf yfir vötn að fara, gegn 30 auru gjaldi fyrir hvern kílómetra frá pósthúsinu að telja.

Hraðboðagjaldið borgast með því, að líma frimerki á brjefið fyrir

gjaldinu, en póstafréiðslumaður sá, er aunnast útburðinn, bætir sjer kostnaðinn með endurgjaldsskirteini, sbr. 9. gr.

56

23. maí
2. Fyrir sjerstaka póstkvittun greiðist 5 aurar. Ef samskonar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda eru láttnar í einu á pósthúsið, má krefjast þess, að þær sjeu settar á sömu kvittun.

Kvittanir má heimta fyrir öllum öðrum sendingum en lausum brjefum og blöðum, sem engin ábyrgð er á. Kvittanir til stjórnarvalda fyrir kaupum á þjónustufrimerkjum skulu gefnar ókeypiss.

Póstkvittanir fyrir sendingum (ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og póstaávisunum) til utanríkislanda má heimta ókeypiss.

3. Fyrir ýmislegt svo sem:

að skrifa utan á póstsendingu að nokkru eða öllu leyti;

að fylla út póstaávisunareyðublað að nokkru eða öllu leyti;

að fylla út póströfueyðublað að nokkru eða öllu leyti;

að merkja böggul að nokkru eða öllu leyti;

að slá utan um peningabrjef, þar með talið að skrifa utan á það, og setja innsigli fyrir, en umslag kostar sendandi, greiðist 5 aurar fyrir hvert fyrir sig, og reiknast gjaldið fyrir hverja sending.

4. Eftir samningi við hlutaðeigendur, getur póstafréiðslumaður tekið að sjer ýmislegt fleira, sbr. reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908 16. gr.

#### 6. gr.

- I. Þegar póstafréiðslumaður tekur á móti ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og bögglum, skal hann svo fljótt, sem unt er, setja á sendingar þessar númer og á ábyrgðarbrjefin skal stimpla eða skrifa R.

Þeir póstafréiðslumenn, sem hafa fengið prentuð límnúmer, líma hvít númer á böggla. Límnúmerin eru tvöföld og skal líma þau á í réttri röð um leið og böggulunum er veitt móttaka, þannig, að minna númerið sje límt á fylgibrjefið, en hið stærra á böggulinn. Sje um verðböggla að ræða, skal einnig líma bæði á fylgibrjefið og böggulinn rauðan miða, sem prentað er á »Valeur déclarée«. Rauð límnúmer skal líma á peningabrjef. Sjeu rauðu númerin tvöföld, skal líma minna númerið á peningabrjefið, en ónýta hið stærra.

Númerið skal setja á brjefið utanáskriftarmegin á efra hornið til vinstri, en það má ekki vera fast við frimerki eða annan álimndan sedil, og eigi má brjóta það yfir röndina á brjefinu.

Ný númer skal eigi setja á sendingar, þótt þær sjeu endursendar eða áframsendar.

Vigt skal skrifa á sendingarnar og skal hún sett á þær í grömmum, þegar um böggla er að ræða bæði á böggulinn og fylgibrjefið.

Einu fylgibrjefi mega fylgja 3 verðlausir bögglar, en eigi nema einn verðböggull eða póströfuböggull.

56  
23. maí

Fylgi fleiri bögglar einu fylgibrjefi, skal skrifa vigtina á brjefið í sömu röð og númerin.

Fylgi póstkrafa sendingu, skal líma á hana gulan miða, sem til þess er ætlaður, nema þegar póstkrafa fylgir böggli, þá skal líma rauðleitan miða bæði á fylgibrjefið og böggulinn. Sendingar halda númerum sínum óbreyttum, þótt póstkrafa fylgi þeim, og almenn brjef með póströfu fá ekkert númer.

Póströfueyðublöðin, sem skulu viðhöfð við innlendar póströfur, en ekki útlendar, skal leggja laus utan um peningabrjef og meðmælingabrjef með utanáskriftarhliðina út á við, þannig, að opið sje að ofan. Aftur á móti skal leggja eyðublaðið aftan við fylgibrjef og almenn brjef með utanáskriftarhliðina út á við, og festa það við brjefin með nál eða seglgarni.

Póströfuböggjum til útlanda skal fylgja póströfuávisun, er skal næla aftan við fylgibrjefið. Hún skal stýluð til sendanda, og afgreiðslupósthusið útbýr hana að öllu leyti kauplaust. Ávisun þessi á að hljóða uppá upphæð þá, sem sendandi á að fá greidda í innlendum peningum.

- II. Vanborguð brjef og fylgibrjef skal stimpla með T-stimpli og burðargjaldið, sem á að heimta, skrifað ofani utanáskriftina á brjefinu, með rauðkrit eða blákrit. Eigi brjefið að fara til útlanda, skal eigi rauðkrita það, en stimpla með T, og í efra hornið vinstra megin á framhliðinni, skal rita með tölu, hve margfalt brjefið er; auk þess skal skrifa við hliðina á frimerkjunum með bleki tvöfalda upphæð þess, sem á vantar, að brjefið sje fullborgað, í frönkum og centimum, eftir hlutfallinu 20 aurar = 25 centimar.
- III. Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla, sem sett eru á póst, skal innfæra í viðtökubók, sem til þess er löggilt af póstmeistara, í áframhaldandi röð eftir númerum.

Endursendar og áframsendar sendingar skal eigi innfæra í viðtökubók. Í verðdálkinn skal tilfæra verðið, í frönkum og centimum, sje það tilfært á sendingunni í franskri mynt. Ef póstkrafa fylgir sendingunni, verður að skrifa *Remb.* milli lína og upphæðina á eftir.

Vigtina á böggjum og peningabrjefum skal skrifa í vigtardálkinn eftir því, sem sagt er til á fylgibrjefinu og sendingunni.

Í frimerkjadálkinn skal tilfæra frimerkin á sendingunni, þó ekki meira en borga skal undir hana; frimerki, sem kunna að vera framyfir, skal strika í kring um. Sju frimerkin ekki nægileg til að borga undir sendinguna eða sje hún óborguð, skal tilfæra í dálkinn »Gjöld« það, sem viðtakandi á að borga, ef um innlendar sendingar er að ræða, en ónóg borgað eða óborgað ef sendingin er til Danmerkur.

Í síðasta dálkinn skal skrifa sendanda, ef hann er nefndur á sendingunni.

Stórar póstaafgreiðslur geta haft margar viðtökubækur til afnota í einu, en þá skal skrifað á þær, hvers konar sendingar sjeu í þær skrifaðar hverja um sig.

Éfst á hverja blaðsíðu skal skrifað með hvaða skipi eða pósti sendingarnar sjeu sendar, og sje einhver sending á blaðsíðunni send með annari ferð, ber að gjöra athugasemd um það í bókinni. **56** 23. maí

Í póströfubókina fyrir móttæknar sendingar skal skrifa allar póströfusendingar, sem settar eru á póst á póststaðnum sjálfum. Póströfubókin skal færð, eins og hún sjálf gefur leiðbeining um; þegar um peningabrjef, böggla og meðmælingarbrjef er að ræða, sem skrifuð eru í viðtökubók, skal þó aðeins skrifa tegund sendingar í dálkinn »viðtakandi«, en númer hennar í dálkinn »ákvörðunarstaður«. Sje póströfusendingin alment brjef, skal skrifa »brjef« í athugasemdadálkinn.

Nafn sendanda skal ætíð skrifa í þann dálkinn, sem til þess er ætlaður; að öðru leyti gilda sömu reglur um innfærslu í póströfubókina eins og um innfærslu í viðtökubók, eftir því sem við á.

Póströfueyðublöðin eiga að fá áframhaldandi númer fyrir hvert ár.

Í póströfubókina, sem á að sýna, hvort póströfurnar eru innleystar eða ekki, skal skrifa dagsetning í dálkinn »innleyst« eða »óinnleyst«, eftir því hvort póstkrafan hefir verið borguð eða sendingin komið til baka óinnleyst.

IV. Allar sendingar, nema böggla og blöð, skal stimpla með dagstimpli utanáskriftarmegin sama dag og þeim er skilað til flutnings, til þess að hægt sje að sjá af stimplinum, hvenær þær hafa verið settar á póst, og með hvaða póstferð þær hafa farið.

Frimerki á sendingum, sem notuð eru til að borga undir þær, þar með talin frimerki áprentuð á spjaldbrjef, skal ónýta með dagstimplinum. Frimerki, sem ofaukið er og ógild frimerki, skal eigi ónýta, ef komist verður hjá því. Við hin ógildu frimerki skal skrifa núll (0), en hin skal umlykja með strikum.

Frimerki, sem limd eru aftan á brjef eða fylgibrjef, á böggla í staðinn fyrir á fylgibrjefin, á móttökukvittunina í staðinn fyrir á sendinguna o. s. frv., skulu ónýtt á venjulegan hátt, en þar sem þau hefðu átt að standa, skal gjöra athugasemd um, hvar þau hafi verið sett.

Pótt frimerkin sjeu ónýtt með dagstimpli, skal stimpla póstaðvísanir og fylgibrjef til útlanda þar að auki með dagstimplinum, svo og líka aðrar sendingar, ef stimpillinn á frimerkjunum er ógreinilegur.

Póstsendingar, sem eru sendar aftur, af því að þær hafa verið skakt sendar, eða utanáskriftinni hefir verið breytt eða af því, að þeim verður ekki komið til skila, skal stimpla utanáskriftarmegin áður en þær fara af stað.

Stimplunum verður að halda hreinum.

#### 7. gr.

I. Þegar póst skal afgreiða frá póstaafgreiðsustað, skal taka brjef þau öll og sendingar, sem með pósti eiga að fara, bæði þær, sem afhentar hafa verið

56  
23. maí

þar á staðnum og þær, sem komið hafa annarsstaðar að, og skifta þeim niður eftir þeim pósthöðvum, sem þær eiga að fara til. Síðan skal útbúa póstsendingaskrár til hvers póstafréðslustaðar, sem póstur á að koma við á, og til brjefhirðingarstaðanna á leiðinni til næstu póstafréðslu, eða eftir þeim reglum, sem pósthöfingjarnir setur.

Póstsendingaskrárnar skal útbúa þannig:

Fyrst skal skrifa á þær pósthöfingjatölu og skipsheiti, ef skráin er send með skipi, dagsetningu og bæði pósthöfingjarnir, sem gefur út skrána, og pósthöfingjarnir, sem hún er send til. Tala brjefa skal tilfærð í tvennu lagi. Útundan »aðkomin« skal setja tölu þeirra, sem komið hafa frá öðrum pósthöfingjum, en útundan »hjádan« tölu þeirra brjefa, sem sett hafa verið á pósthöfingjarnum á pósthöfingjarnum sjálfum.

Í 1. dálk skal skrifa númer sendingarinnar, í 2. dálk hvers eðlis hún er og skal þar setja A. fyrir ábyrgðarbrjef (meðmælingarbrjef), B. fyrir böggul og P. fyrir peningabrjef og verðbrjef. Í dálkana »móttökustaður« (þ. e. sá staður, þar sem sendingin er fyrst sett á pósthöfingjarnum) og »ákvörðunarstaður« (þ. e. sá staður, sem sendingin á að fara til), skal eigi skrifa neitt þegar móttökustaður er sami staður og skráin er send frá eða ákvörðunarstaður sendingarinnar er sami staður og skráin er send til. Annars skal skrifa í þessa dálka, og sýnir stimpillinn á frimerkjunum hver móttökustaðurinn er, en utanáskrifin ákvörðunarstaðinn.

Þá skal og skrifa verð sendingar í verðdálkinn.

Í athugasemdadálkinn skal setja athugasemdir, svo sem »talið«, »expres«, »hraðboðasending«, »móttökukvittun«, »A. R.« o. s. frv., og þegar um pósthöfingjarnir er að ræða, skal setja í athugasemdadálkinn »Remb.« eða »pósthöfingjarnir« og upphæð pósthöfingjarnir í tölum á eftir.

Pósthöfingjarnir skal senda til allra pósthöfingjara á þeirri pósthöfingjarnir, sem póstafréðslan á viðskifti við, hvort sem nokkurt brjef eða sending á að fara til þeirra eða ekki.

- II. Þegar alt hefir verið fært inn á pósthöfingjarnir, samkvæmt því, sem að framan segir, skal binda saman almenn brjef og ábyrgðarbrjef, peningabrjef og fylgibrjef í bundin, í sömu röð eins og þau eru tilfærð á pósthöfingjarnir. Með ábyrgðarbrjefum skal leggja pósthöfingjarnir, pósthöfingjarnir og pósthöfingjarnir og óborguð og vanborguð brjef. Hvert bundin skal reyra saman með seglgarni svo fast, að brjefin geti ekki núist saman, og láta þau, ásamt peningasendingum og böggulsendingum, verði því við komið, niður í poka, merktan með nafni póstafréðslustaðarins, sem hann er sendur frá, ofar og hins, sem hann er sendur til, neðar, eða þá með merki bundnu við pokaopið.

Þess skal vandlega gætt, að pósthöfingjarnir sjeu rjett merktir og að þeir beri ekki eldri merki.

Peningabrjef og böggla skal jafnan láta niður vottfast eða í viðurvist pósthöfingjarnir.

Pokunum skal loka með lakki, er sje sett á pappaspjald yfir endana á fyrirbandinu, og á fyrirbandið að vera sterkt og óhnýtt seglgarn og lakkið fast upp við hnútinn á því. 56  
23. maí

Þegar pósthlutningur er sendur í pokum með skipum, skal honum fylgja sendingaskrá í tvennu lagi; öðru eintaki hennar skal haldið eftir á póstaafgreiðslustaðnum, kvittuðu af skipstjóra eða umboðsmanni hans, en hinu heldur skipstjóri.

Það, sem á að fara til póstaafgreiðslustaða með landpóstum, skal láta niður í póstkoffort, sem hver póstaafgreiðslumaður hefir lykil að, en póstsendingar til brjefhirðingarstaða skal láta í lokaðar töskur, ef þær eru eigi svo miklar, að nauðsynlegt sje að hafa koffort.

Að töskunum hefir pósturinn lykil, en hlutaðeigandi póstmenn hafa lykla bæði að töskunum og póstkoffortunum á þeim póstleiðum, þar sem koffort eru notuð.

- III. Hver póstur á að hafa meðferðis sendinga-, stunda- og vigtarseðil, eins og segir í reglugjörð fyrir póstmenn 4. gr., og skal skrifa á hann það, sem sent er til hvers staðar, pokatöluna en ekki innihald pokanna, tölu lausra böggla og tölu stykkja í brjefaumbúðum utan poka, svo og komudag og farardag, stað og stund, þegar hann er afgreiddur af hverjum póstmanni.

Þegar póstur hefir tekið við sendingaseðlinum athugasemdalaust, skal það skoðað sem kvittun frá hans hálfu fyrir pósthlutningi þeim, sem þar er skráður; eins skal það og skoða sem kvittun af hendi póstmanns fyrir pósthlutningnum, þegar hann hefir tekið við sendingaseðlinum athugasemdalaust af póstinum.

#### 8. gr.

- I. Þegar komið er með pósthlutning á póstaafgreiðslustað, hvort sem það er með landpóstum eða skipum, skal fyrst bera nákvæmlega saman pokatöluna við sendingaseðilinn og síðan athuga með vottum innsigli, fyrirbönd og pokana sjálfa.

Því næst skal opna pokana vottfast og bera saman töluna á hinum einstöku sendingum við póstsendingaskrána, en eigi má opna nema einn poka í einu, fyrr en þessum bráðabyrgðarsamanburði er lokið.

Umbúðum, seglgarni og merkjum má ekki blanda saman við annað, fyrr en búíð er að grannskoða, að allar sendingar, sem á skrá standa, sjeu framkomnar og óskemdar.

Til þess að vissa sje fyrir að ekkert verði eftir í pokunum, skal snúa þeim um, þegar þeir eru tæmdir.

Að þessu loknu skal bera saman sendingarnar og póstsendingaskrána í einstökum greinum og athuga, hvort þær hafa verið rjett frimerktar og að öðru leyti rjett útbúnar.

- II. Um sjerhverja villu eða ónákvæmni á póstsendingaskránum, eða að því er snertir hinar komnu sendingar, skal póstmanni þeim, sem sent hefir, gjört aðvart, með leiðrjettingarskýrslu með fyrstu póstferð.

## 56

23. maí

Póstmaður sá, sem fær leiðrjettingarskýrslu, rannsakar, hvort hún er á rökum byggð, og sje svo, ritar hann á hana »viðurkent« og nafn sitt undir, en að öðrum kosti afsakanir sínar.

Póstmaður sá, sem samkvæmt leiðrjettingarskýrslu á að bera ábyrgð á oflágt eða skakt reiknuðu burðargjaldi, limir á leiðrjettingarskýrsluna, þegar hún er viðurkend, almenn frimerki fyrir því, sem á vantar.

Leiðrjettingarskýrslur skal ætíð endursenda tafarlaust. Þegar um meiri háttar afbrigði er að ræða, eins og ef ábyrgðarsending vantar eða engin skrá eða engin póstsending kemur frá stað, sem póststaðurinn hefir viðskifti við, skal, auk þess að senda leiðrjettingarskýrslu, gjöra hlutaðeigandi póstmanni viðvart um það með símtali eða ritsímaskeyti, ef auðið er.

Þegar um slík afbrigði er að ræða, skal senda póstmeistara nákvæma og vottfasta skýrslu um þau, sje leiðrjettingarskýrslan eigi viðurkend.

Rjett er að skrifa athugasemd um það á skrár eða sendingalista, ef leiðrjettingarskýrslur eru útgefnar, og er nægilegt að skrifa »lsk.« og númerið á leiðrjettingarskýrslunni.

Hinar viðurkendu leiðrjettingarskýrslur skal senda til póststofunnar í Reykjavík.

*Ath.* Þar sem sagt er í 7. og 8. gr., að vitni skuli vera viðstatt, þegar póstur er opnaður eða látinn niður, þá verður samt að gjöra það vottalaust þegar svo er ástatt, að ómögulegt er að ná í vitni.

- III. Allar sendingar, sem koma til póstaðgreiðslustaðar, að undanskildum bögglum og blöðum, skal stimpla með dagstimpli þegar í stað; sendingar þessar skal stimpla á bakhliðina, nema spjaldbrjef, þau skal ætíð stimpla á framhliðina. Myndaspjaldbrjef þarf ekki að stimpla. Sömuleiðis skal stimpla allar aðkomnar póstsendingaskrár. Skakt sendar póstsendingar skal ætíð stimpla, einnig blöð og böggla.
- IV. Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla, sem koma á póstaðgreiðslustaðinn frá öðrum póststöðvum, skal innfæra í afhendingabókina, eins og bókin sjálf gefur leiðbeining um, þannig, að í fyrsta dálk skal rita númer sendingar, þá daginn, sem hún kemur, staðinn, sem sendingin kemur frá, tegund hennar, viðtakanda, verð og vigt; í síðasta dálk skal viðtakandi kvitta fyrir sendingunni, en sje hún eigi afhent, heldur send til annars pósthúss, skal skrifa í þann dálk nafn þess, með hvaða ferð hún er send og hvaða dag.

Í póströfubókina fyrir aðkomnar sendingar, skal skrifa allar póströfur, sem eiga að innleysast á pósthúsinu sjálfu eða við brjefhirdingar þær, sem undir það liggja.

Póströfueyðublöðin eiga að fá áframhaldandi númer eftir póströfubókinni, þegar um innlendar póströfusendingar er að ræða.

Ef sendingin eftir edli sínu á að skrifast í afhendingabók, er nægilegt að tilfæra í póströfubókina upphæðina, viðtakanda og athugasemd um, í hvaða bók og undir hvaða númeri sendingin sje innfærð.

Hverjum póströfuböggli frá útlöndum fylgir póströfuávisun, stýluð í út-

lendum peningum. Viðtökupósthúsið breytir upphæðinni í innlenda peninga, **56**  
eftir töflum þeim, sem notaðar eru við breyting á upphæðum venjulegra 23. maí  
póstávisana.

Upphæðin í innlendum peningum skal einnig skrifuð á fylgibrjefin.

Þegar upphæðin er borguð, skal viðtökupósthúsið útfylla dálkana »Indications de service« og senda ávísunina eins og aðrar póstávisanir.

Þegar um aðrar póströfusendingar frá útlöndum er að ræða, en póströfuböggla, skal viðtökupósthúsið, þegar póstkrafan er innheimt, gefa út póströfuávisun, en til þess að geta það, svo sem eyðublaðið gefur leiðbeining um, getur verið nauðsynlegt um leið og sendingin kemur, að skrifa í póströfubókina dagsetning dagstimpils þess pósthúss, sem sendingin er frá.

- V. Póstafgreiðslumenn eru ekki skyldir til að láta bera brjef út meðal viðtakenda, heldur verður að gefa þeim kost á að fá þau afhent á rúmhelgum dögum frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, enda þótt póstafrgreiðslumaður sje eigi sjálfur viðstaddur, og skal hann annast um, að jafnan sje einhver, er í fjarvist hans frá heimilinu hefir þetta á hendi. Sjeu viðtakendur eigi á póstafrgreiðslum eða aðrir, sem geti tekið við sendingum fyrir þeirra hönd og gefið gilda kvittun fyrir, skal koma til þeirra tilkynning um, að sendingin sje komin, á eyðublaði, sem til þess er ætlað, og ef viðtakandi ritar kvittun á tilkynning þessa og sendir hana aftur til pósthússins, fær hann sendinguna afhenta gegn þessari kvittun. Slikar kvittanir geymast sem fylgiskjöl við afhendingarbókina. Yfir höfuð verða póstafrgreiðslumenn að tilkynna ábyrgðarsendingar og sjerstaklega póströfur, svo að þær verði ekki sendar aftur áður en hlutadeigendur vita um komu þeirra.

Póstafgreiðslumaður ber ábyrgð á, að undirskrift kvittana sje rjett. Þegar móttökukvittun fylgir sendingu, sem skilað er frá póstafrgreiðslustað, verður póstafrgreiðslumaður að annast um, að viðtakandi riti nafn sitt á hana, um leið og hann kvittar fyrir sendingunni, og ber síðan að endursenda móttökukvittunina í ábyrgðarbrjefi til þess pósthúss, sem hún upphaflega var send frá. Óborgað eða vanborgað burðargjald, sem hvilir á sendingum, sem póstafrgreiðslumaður afhendir, skal hann innheimta í peningum eða frímerkjum.

Áður en hann afhendir sendinguna, skal hann líma frímerki aftan á hana, fyrir hinu vanborgaða burðargjaldi, og stimpla þau.

#### 9. gr.

- I. Pósthúsin bæta sjer upp ýms útgjöld með því, þegar svo stendur á, sem hjer segir, að gefa út endurgjaldsskirteini:

1. Fyrir að flytja brjef með hraðboda frá öðrum pósthúsum eða frá útlöndum, til pósthússins á ákvörðunarstaðnum eða fyrsta viðtökustaðar hjer á landi.
2. Fyrir frímerki, sem límd eru á ónógborguð ábyrgðarbrjef, póstávisanir og böggla til útlanda, til viðtökupósthússins.

56  
23. maí

Skirteinið skal ætíð staðfesta án tillits til, hvort leiðrjettingarskýrslan er viðurkend rjett eða ekki; skirteinið skal vitna í leiðrjettingarskýrsluna og skrá þá, sem hún tilheyrir.

3. Fyrir toll eða tollkostnað við sendingar frá útlöndum, til ákvörðunarpóst hússins, þegar viðtakandi á að borga kostnaðinn, og til pósthússins, sem tók við sendingunni frá útlöndum, þegar sendandi á að borga kostnaðinn.
4. Fyrir borgun fyrir meðferð á böggulsendingum, sem finnast í brjefakössum, eða sem á leiðinni þarf að búa um eða binda um, til pósthússins, sem þær eru skráðar til.
5. Fyrir ofreiknað burðargjald, ef sendandi er krafinn um of mikið sökum skakkrar vigtar, ef burðargjald undir böggul til útlanda er sagt of hátt, ef sendandi hefir verið krafinn um of mikið, en honum verið borgað það til baka, til pósthússins sjálfs.

Í skirteininu skal vísað til leiðrjettingarskýrslunnar, staðarins, þar sem hún er gefin út, dagsetningar á skránni og burðargjalds þess, sem á að heimta og þess, sem heimtað hefir verið.

6. Fyrir gjald fyrir talning í peningabrjefum og peningaböggjum, til pósthússins, sem þeir eru skráðir til.

Á eitt endurgjaldsskirteini má setja gjald fyrir fleiri sendingar, sem eiga að fara til sama pósthúss.

Í skirteininu skal vitna í skrá þá, þar sem sendingin er skrásett.

- II. Endurgjaldsskirteini skal leggja utanum eða við brjefin, þegar þau eru send af stað.
- III. Pósthús það, sem endurgjaldsskirteinið er stýlað til, rannsakar við afskráninguna, hvort það er rjett og annaðhvort staðfestir það, eða ritar á það athugasemdir þær, sem pósthúsinu þykir ástæða til að gjöra (sbr. þó I. 2.).
- IV. Endurgjaldsskirteini skal staðfesta með því, að endurtaka upphæðina með bókstöfum og með staðsetning, dagsetning og undirskrift póstmannsins.
- V. Endurgjaldsskirteinið skal tafarlaust endursenda til pósthúss þess, sem gaf það út.
- VI. Komi endurgjaldsskirteinið eigi aftur með öðrum pósti, skal minna á það, og athuga það í athugasemdadálki á endurgjaldsskirteinaskránni.

#### 10. gr.

Póstafgreiðslumenn taka á móti póstávisunum og borga þær út, og gilda um þær eftirfylgjandi reglur:

##### I. Innlandar póstávisanir.

1. Hvert posthús, sem tekur á móti póstávisunum, skal innskrafa þær jafnóðum og þær eru innborgaðar í dagbókina yfir innborgaðar ávisanir.
2. Innborgaðar póstávisanir fá áframhaldandi númer fyrir hvert ár, og skal innrita þær með þessum númerum, sem þær halda óbreyttum, þótt þær

- sjeu endurskráðar og endursendar; i dagbókina skal skrifa númer, innborgunardag, nafn sendanda og viðtakanda, ákvörðunarstað og upphæð.
3. Póstávisanir, sem koma frá öðrum pósthúsum til útborgunar, skulu ritaðar í dagbók yfir útborgaðar póstávisanir með þeim númerum, sem þær hafa fengið á innborgunarstaðnum. Númerið skal rita í dálkinn »áframhaldandi númer«; í hina dálkana skal rita innborgunardag, sendanda, viðtakanda, pósthús það, sem ávísunin kom frá, og ákvæðisupphæð. Þegar ávisanir eru útborgaðar sama dag og þær eru móttæknar, annaðhvort til viðtakanda eða sendanda, skal rita upphæðina einnig í dálkinn »útborguð upphæð«, en sjeu þær útborgaðar síðar, skal innrita póstávisanirnar aftur þann dag, sem þær eru borgaðar, og skal upphæðin þá rituð í dálkinn »útborguð upphæð«, en ekki í dálkinn »ákvæðisupphæð«; í athugasemdadálkinn útundan ávísun, sem þannig er tvisvar innrituð, skal á fyrri staðnum tilfæra útborgunardag, en á síðari staðnum viðtökudag.
  4. Summuna af því, sem á degi hverjum er innborgað eða útborgað af póstávisunum, skal rita í dagbókardálkinn »samtals hvern dag«, og skal síðan skrifa í kassabókina í einu lagi fyrir þann daginn.
  5. Póstávisanir eiga að teljast til gjalda, ef audið er, sama mánuð og þær eru innborgaðar. Þegar búið er að útborga póstávisanir, skal senda þær til póststofunnar ásamt reikningnum fyrir þann mánuð, sem þær eru útborgaðar.
  6. Þegar póstávisun einhverra orsaka vegna er endursend, skal telja hana til útgjalda og því næst aftur til tekna í dagbókinni, með hinu upphaflega númeri, þann dag, sem hún er endursend. Þess skal síðan getið neðst á vinstra horni ávísunarinnar (ekki á afklippingnum).

Pósthúsið, sem endurborgar póstávisunina, telur upphæðina til útgjalda og skrifar í dagbókina útundan ávísuninni: *endursend*.

Endursend póstávisun, sem er afhent sendanda, verður ekki send með pósti á ný, og verður sendandi því að senda nýja ávísun, vilji hann aftur senda npphæðina með póstávisun.

Þegar póstávisun glatast á útborgunarstaðnum, skal biðja innborgunararpósthúsið um afrit, sem kemur í stað hinnar upphaflegu ávísunar, og skal rita á það, ef ávísunin er endursend, athugasemd, eins og segir í reglugjörð um notkun pósta, 21. gr., til þess að upphæðin verði endurborguð sendanda.

Glatist póstávisun eftir að hún er útborguð og sje eigi hægt að fá kvittun frá rjettum manni á afritið, eða sje eigi hægt að útvega afrit, skal senda póststofunni í Reykjavík skýrslu um það.

7. Póstávisun, sem er endurskráð, skal telja til útgjalda og svo aftur til tekna þann dag, sem hún er send áleiðis.

Í athugasemdadálki póstávisanadagbókanna skal gera nauðsynlegar athugasemdir um endurskráningar.

Pósthúsið, sem póstávisun er endurskráð til, telur upphæðina til

56  
23. maí

gjalda og athugar í dagbókinni við ávísunina »endurskráð frá N. N. pósthúsi«.

Nafninu á innborgunarpósthúsinu skal bætt við í dálkinn »póststöðvar, sem ávísunin kom frá«, innan sviga.

8. Þegar póstávisun frá fyrra mánuði fyrst kemur til útborgunar eftir að mánaðarreikningurinn er saminn, skal taka hana upp í reikning fyrir næsta mánuð, með nauðsynlegum athugasemdum.
9. Við lok hvers mánaðar semur hvert pósthús skrá yfir allar ávisanir, sem innborgaðar hafa verið eða útborgaðar þann mánuðinn, og skal á skráum þessum tilfæra númer ávísana, innborgunardag, viðtakanda, útborgunarstað fyrir innborgaðar ávisanir, en innborgunarstað fyrir útborgaðar ávisanir, og upphæð, með þeim athugasemdum, sem dagbækurnar geta um.
10. Skulu skrár þessar taldar saman og aðalupphæðin borin saman við dagbækurnar og kassabókina, og síðan sendar póststofunni í Reykjavík með mánaðarreikningnum.

## II. Útlendar póstávisanir.

1. Póstávisanir til útlanda skal ætíð borga inn í krónum og aurum, en þær skulu vera stýlaðar í peningum þess lands, sem þær eiga að fara til, og tölurnar skrifaðar á dönsku, nema póstávisanir til Stóra-Bretlands, Írlands, breskra nýlendna, Rússlands og Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, þangað eiga þær að vera stýlaðar í krónum; tölurnar á póstávisunum til þessara landa og Danmerkur og Færeyja má skrifa á íslensku.

Ávisanir þessar skulu innritaðar í póstávisanadagbækurnar á sama hátt eins og segir í I, 1 og 2, og við lok mánaðarins skal skrifa þær á sjerstaka skrá, sem fylgir mánaðarreikningnum og skal aðalupphæð hennar tilfærð tekjumegin í honum sjerstök.

Allar ávisanir til útlanda skal senda til Reykjavíkur, nema símapóstávisanir og póstinnheimtuávisanir, sbr. 4. gr. d.

2. Allar póstávisanir frá útlöndum ganga gegnum póststofuna í Reykjavík. Þó mega pósthúsir borga út ávisanir, sem þeim eru sendar beina leið frá pósthúsum erlendis, en þá skal þess getið á útborgunarskránni. Pósthúsin fara með ávisanir þessar eins og segir í I 3—7. Við lok hvers mánaðar, skulu allar útlendar ávisanir, sem pósthúsið hefir útborgað, skrifaðar á sjerstaka skrá, er fylgir mánaðarreikningnum, en aðalupphæðiu skal tilfærð útgjaldamegin í honum sjerstaklega.

## III. Þegar póstávisanir eru sendar til lagfæringar, skal hvorki telja þær til tekna nje gjalda í dagbókunum eða póstávisanaskránum.

Póstávisanir skal leggja með póstsendingaskránni og senda til þess pósthúss, sem þær eiga að fara til, og útlendar ávisanir til póststofunnar í Reykjavík, sbr. þó 4. gr. d.

Um innborgaðar og útborgaðar póstkröfuávisanir gildir sama og um innborgaðar og útborgaðar póstávisanir, að þær eru skrifaðar í póstávisanadag-

bækurnar eftir sömu reglum; þó skulu innborgaðar póströfur fá áframhaldandi númer fyrir sig.

Þeir póstmenn, sem hafa hið eldra form fyrir póstávisanabókum, geta strikað i sundur dálkinn með yfirskrift »áframhaldandi númer«, og sett póstávisananúmer fyrir framan, en póströfuávisananúmer fyrir aftan strikið.

Póströfuávisanir eða póströfur skulu sendar eins og venjulegar póstávisanir, útlendar til póststofunnar í Reykjavík, innlendar til hlutaðeigandi póstafgreiðslustaða.

**56**  
23. maí

### 11. gr.

Póstafræðslumenn annast póstinnheimtuviðskifti við þau utanríkislönd, sem Danmörk hefir gjört póstinnheimtusamning við

Póstinnheimtusamningur þessi er prentaður síðastur af póstsamningum þeim, sem gjörðir voru í Rómaborg 1906 og póstafræðslumönnum hafa verið sendir. Þar má sjá hver lönd þessu eru og í »Udenrigsbrevposttakst«, sem póstafræðslumenn hafa einnig fengið, er það nánar tiltekið.

Póstinnheimtu má nota við kvittanir, reikninga, ávisanir, vixla og aðrar skuldakröfur, sem greiðast án kostnaðar.

Á skjölum þeim, sem snerta skuldakröfu þá, er á að innheimta, verður að standa nafn og heimili skuldunauts, og upphæð sú, sem á að innheimta. Skal upphæðin tilfærð i peningum ákvörðunarlandsins og skrifuð bæði i tölum og bókstöfum.

I sömu sendingu má leggja skuldakröfur á 5 skuldunauta, sem búa i umdæmi sama pósthúss, ef skuldhafi er einn. Skuldakröfur i einni sendingu verða að hafa sama gjalddaga, og mega ekki samtals fara fram úr 1000 frónkum eða samsvarandi upphæð i peningum ákvörðunarlandsins. Póstinnheimtusendingar til Íslands mega ekki fara fram úr 720 kr.

Allar skuldakröfur, sem afhentar eru til póstinnheimtu, verður sendandi að skrifa á póstinnheimtuskrá, sem póststjórnin gefur út, eftir því sem skráin sjálf segir og sýnir, en eigi má hann skrifa á hana neinar athugasemdir þar framyfir. Eyðublaðið fyrir skrá þessa er selt fyrir sama verð og önnur eyðublöð, 1 eyri hvert, 25 stykki á 20 aura.

Innheimtuskrána, skuldakröfurnar og tilheyrandi fylgiskjöl skal sendandi leggja i umslag, sem til þess er ætlað, og sem póststjórnin selur fyrir sama verð og fylgibrjef. Á framhlið þessa umslags skal tilfært nafn og heimili sendanda. Sendibrjef eða því um líkt má ekki setja innan i umslag þetta.

Sendandi lokar umslaginu sjálfur og skrifar utan á sendinguna til ákvörðunarpósthússins.

Póstinnheimtusendinguna skal afhenda á pósthúsi eins og ábyrgðarbrjef. Burðargjaldið skal borga fyrirfram og er það hið sama eins og fyrir ábyrgðarbrjef.

Frá því að sendingin er send af stað og þangað til hún kemur til ákvörðunarpósthússins, skal með hana farið sem ábyrgðarbrjef.

**56** Þegar póstinnheimtusendingin er komin á ákvörðunarpósthúsið, skal hún  
23. maí opnuð og athugað, hvort fylgiskjöl og upphæðir eru rjettar. Niðurstaðan af þeirri  
rannsókn skal rituð á fremri hluta innheimtuskrárinnar. Fremri hlutann skal  
síðan rífa af og geyma á ákvörðunarpósthúsinu.

Svo fljótt, sem því verður viðkomið, skal sýna skuldunautum kröfurnar. Sjeu þær ekki borgaðar strax, skal geyma þær á pósthúsinu í 7 daga frá sýn-  
ingu, nema sendandi hafi öðru vísi ákveðið. Pósthúsið skal láta skuldunaut vita  
um það. Ef skuldakrafan hefir ekki verið innleyst innan þess tíma, skal endur-  
senda hana. Óheimilt er að taka á móti borgun á nokkrum hluta kröfunnar,  
heldur verður hún að borgast að fullu eða ekki.

Þegar búið er að innheimta skuldakröfur þær, sem eru í einni sendingu,  
skal fyrst draga frá póstávisunarbúrgjald til sendanda undir aðalupphæð þá, sem  
er eftir, þegar innheimtugjaldið er frá dregið. Efst á póstávisunina skal skrifað  
eða prentað »Recouvrement« og útbúa hana að öðru leyti eins og venjulega póst-  
ávisun. Burðargjaldið og innheimtugjaldið skal líma á ávisunina í frimerkjum og  
ónýta með dagstimplinum.

Á aftari hluta innheimtuskrárinnar skal rita skýrslu um innheimtuna, eft-  
ir því sem hann sjálfur gefur leiðbeining um, og leggja hann ásamt póstávisun-  
inni og hinum óinnleystu kröfum í umslag, sem póststjórnin gefur út. Síðan skal  
senda sendinguna sem ábyrgðarbrjef ókeypis til pósthúss þess, sem póstinnheimtu-  
sendingin er komin frá. Ástæðuna fyrir, að skuldakrafa er eigi innleyst, skal  
skrifa annað hvort á skrána eða meðfylgjandi seðil.

Sje spurst fyrir um póstinnheimtu-sendingu, þá verður sendandi að láta af  
hendi eftirrit af innheimtuskránni, sem verður að fylgja fyrirspurninni.

Recouvrement-póstávisanir skal setja á skrár yfir innborgaðar og útborg-  
aðar póstávisanir, en þess verður vandlega að gæta, að setja við þær »Recouvre-  
ment« í athugasemdadálk.

## 12.

Póstsendingar þær, sem póstafrgreiðslumaður getur eigi komið til skila  
(sbr. póstreglugjörð 7. marz 1908, 21. gr.), skal sem fyrst endursenda því póst-  
húsi, sem þær eru frá. Á endursendar sendingar skal ætíð setja ástæðuna fyrir  
því, að þær hafa ekki komist til skila, t. d. »farinn«, »dáinn«, »óþektur«, »neit-  
að móttöku«, o. s. frv.

Þegar póstsendingar eru þannig endursendar, skal afhenda þær þeim,  
sem sendi, gegn burðargjaldi því, er á þeim kann að hýla. Finnist eigi send-  
andi, eða skorist hann undan, að innleysa sendingu, skal senda slíkar sendingar  
til póststofunnar í Reyjavík áleiðis til stjórnarráðsins, til meðferðar eftir 21. gr.  
í póstreglugjörðinni.

## 13. gr.

Póstafrgreiðslumenn ábyrgjast allar póstsendingar, sem þeim er trúað fyr-  
ir. Þær skulu geymdar á óhultum stað, og mega ekki liggja fyrir sjónum óvið-

komandi manna, og það er heldur eigi leyflegt, að viðtakandi sjálfur leiti upp sendingar til sín. Póstafgreiðslumönnum er bannað að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um, til hvers eða frá hverjum póstsendingar koma eða fara, nema þetta sje nauðsynlegt til þess, að koma þeim til skila. **56** 23. maí

Lyklar þeir, stimplar, signet, eyðublöð og önnur áhöld, sem póstafrgreiðslumönnum eru fengin, mega ekki koma í hendur óviðkomandi mönnum.

#### 14. gr.

Póstafgreiðslumenn verða að annast um, að hafa jafnan birgðir af frimerkjum, spjaldbrefjum, lögskipuðum eyðublöðum og póstkvittunarbókum, bæði til þess að selja út frá póstafrgreiðslustöðunum og til birgða fyrir brjefhirðingastaði þá, sem undir þá eru lagðir.

#### 15. gr.

Við lok hvers mánaðar skulu póstafrgreiðslumenn senda til póststofunnar í Reykjavík reikning yfir tekjur og gjöld póstafrgreiðslunnar síðastliðinn mánuð, og þar með peningaleifar, sem hjá þeim kunna að vera og sem þeir þurfa ekki að nota til póstþarfa. Sem fylgiskjöl skulu þeir senda allar þær póstsendingaskrár, sem þeir hafa meðtekið síðan seinasti reikningur var gjörður, og er rjett að tilgreina tölu þeirra í reikningnum. Leiðrjettingarskýrslur og endurgjaldsskírteini skulu og fylgja, svo sem fyr segir, svo og kvittanir hlutaðeigandi manna fyrir öllum þeim útgjöldum í þarfir póstafrgreiðslunnar, sem póstafrgreiðslumaður kann að hafa haft, frá því síðasti reikningur var saminn.

Við árslok skal senda ársreikning með kvittunum þeim fyrir ársútgjöldunum, sem eigi þegar eru sendar, áhaldaskrá og vottorð upp á æru og samvisku um að óborgaðar og vanborgaðar sendingar, sem póstafrgreiðslumaðurinn hefir afhent á árinu, hafi verið frimerktar fyrir hinu vanborgaða burðargjaldi og frimerkin stimpluð. Slík vottorð skal og heimta af brjefhirðingamönnum og senda til póststofunnar í Reykjavík.

#### 16. gr.

Komist póstafrgreiðslumenn að því, að póstar eða aðrir, sem nefndir eru í 3. gr. póstlaganna, hafi meðferðis brjef og peninga utan pósts og ólöglega, eru þeir skyldir til að skýra póstmeistararum í Reykjavík frá því, svo að hlutaðeigendur verði látnir sæta sektum samkvæmt 18. gr. nefndra laga.

#### 17. gr.

Póstafgreiðslumenn eru ekki skyldir til að veita póstum gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hestum þeirra, nema gegn sanngjarnri borgun.

Leiðarvisir fyrir póstaþgreiðslumenn frá 1. febrúar 1892 og auglýsing um breyting á honum frá 4. mars 1896 fellur úr gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 23. maí 1908.

Í fjarveru ráðherra

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*

# Töflur

með leiðarvísni fyrir póstafréiðslumenn.

A. Burðargjald undir brjefasendingar til útlanda.

	Almenn brjef borguð. <sup>1)</sup>	Spjaldbrjef borguð. <sup>2)</sup>	Krossbandssendingar. <sup>3)</sup>			Ábyrgðargjald	Móttökukvittun
			Prent allt að 2 kg.	Skjöl allt að 2 kg.	Sýnishorn allt að 350 gr.		
Danmörk og Færeyjar ... }	Allt að 20 gr. Aurar 10		Aurar	Aurar	Aurar		
	Yfir 20 gr. allt að 125 gr. Yfir 125 gr. allt að 250 gr.		20	5	5 minnst 10	15	10
Önnur lönd .....	20		10	5	5 minnst 20	15	10

<sup>1)</sup> Fyrir úborguð brjef skal borga tvöfalt burðargjald; fyrir vanborguð brjef tvöfalt það burðargjald, sem á vantar.

<sup>2)</sup> Burðargjald fyrir úborguð og vanborguð spjaldbrjef tvöfaldast eins og fyrir almenn brjef. Spjaldbrjef með víðfestu svarspjaldi kostar helmingi meira en einfalt spjaldbrjef.

<sup>3)</sup> Krossbandssendingar má ekki senda úborgaðar nema til Danmerkur, en þær mega þá ekki veða yfir 250 gr. og sýnishorn ekki yfir 250 gr., þótt borgað sje undir fyrirfram.

## B. Burðargjald undir peningabrjef til útlanda.

Almennt brjefburðargjald eftir þyngd, meðmælingargjald 15 aurar undir hvert, og ábyrgðargjald eftir verðupphæð eins og hjer segir::

	Takmörk verðupphæðar. Frankar	Fyrir hverjar 216 kr. = 300 fr. eða þar undir. Aurar	
Argentina .....	10000	20	<i>Ath.</i> Burðargjald undir peningabrjef til Danmerkur og Færeyja er venjulegt brjefburðargjald og 20 aurar fyrir hverjar 250 kr. eða minna af verðupphæð brjefsins. Upphæð peningabrjefa til útlanda, annara en Danmerkur og Færeyja, Noregs og Svíaríkis, skal sett bæði í tölum og bókstöfum og frönkum og centimum. Pósthúsið skal breyta upphæðinni í þá mynt, ef á þarf að halda, áður en brjefið er afgreitt.
Austurríki .....	engin	15	
Belgia .....	10000	15	
Bosnia-Herzegovina .....	10000	15	
Bulgaria .....	10000	20	
Chili .....	10000	20	
Danmörk, sjá ath. ....	engin	»	
Egyptaland .....	10000	25	
Finnland .....	engin	15	
Frakkland .....	10000	15	
(Algier og Monaco) .....			
Holland .....	25000	15	
Ítalía .....	10000	15	
Japan .....	10000	30	
Luxemburg .....	10000	15	
Montenegro .....	engin	25	
Noregur .....	engin	15	
Portugal .....	10000	20	
Rumenia .....	engin	15	
Rússland .....	engin	15	
Serbia .....	engin	15	
Spánn .....	10000	15	
Stóra-Bretland .....	10000	15	
Svíaríki .....	engin	8	
Sviss .....	engin	15	
Tyrkland .....	10000	30	
Ungverjaland .....	engin	15	
Þýskaland .....	engin	8	

D. Burðargjald undir böggla til landa utanríkis, sem eru fluttir eftir sömu reglum og póstböggjar.

Lönd, sem sendingin á að fara til	Burðargjald eftir þyngd.			Taktörk verðupphæðar:	Burðargjald eftir verðupphæð.		Tala tollskráa.	Athugasemdir.
	Allt að:	Af þeim, sem sendir, á að taka:	Dönsku póstsjórninni skal endurgjöldið:		Af þeim, sem sendir, á að taka fyrir 216 kr. = 300 frk. og þar undir.	Dönsku póstsjórninni skal endurgjöldið fyrir 300 frk. eða þar undir.		
Lönd, sem sendingin á að fara til								
Leit sú, er sendingin á að fara um frá Danmörku.								
England, Skotland og Irland...	yfir Hamborg eða Bremen yfir Belgíu eða Holland yfir Reykjavík	Aur. 162 180 126	Aur. 126 144 72	Frankar 10000 10000 10000	Aur. 20 15 20	Aur. 14 <sup>2</sup> / <sub>5</sub> 10 <sup>4</sup> / <sub>5</sub> 3 <sup>8</sup> / <sub>5</sub>	1 1 1	Böggjarnir mega vera allt að 1 metra á lengd, rúmmálið allt að 54 teningsdesimetrum.
Gibraltar	yfir Hamborg eða Bremen og England yfir Belgíu og England	Aur. 180 270 360 198 288 378	Aur. 144 234 324 162 252 342	Frankar 1250 1250	Aur. 30 30	Aur. 25 <sup>1</sup> / <sub>5</sub> 21 <sup>2</sup> / <sub>5</sub>	2 2	Böggjarnir mega ekki vera yfir 76 sentimetra á lengd og ekki yfir 180 sentimetra á lengd og ummáli til og samans.
Canada	yfir Esbjerg og England yfir Belgíu og England	Aur. 198 342 406 252 396 540	Aur. 144 288 432 216 360 504	Frankar 1000 kr.	Aur. 65 a. fyrir hverjar 100 kr.		1 1	
Bandaríkin	yfir Kaupmannahöfn og New-York yfir Kaupmannahöfn	Aur. 60 100 375 565	Aur. 60 100 375 565					

Móttökuskirteini fást ekki.

C. Burðargjald undir böggulsendingar til landa utan ríkis.

Lönd, sem sendingin á að fara til.	Leið sú, er sendingin á að fara um frá Danmörku.	Burðargjald eftir bygnd.		Takmörk verðupphæðar:		Burðargjald eftir verðupphæð.		Tala tollskráa:	Athugasemdir:
		Almennir póstböggjar.	Almennir póstböggjar.	Frankar	Frankar	Aurar	Aurar		
		Alt að:	Afur	Aurar	Engin	Engin	Afur	Aurar	
1. Austurríki og Ungarn (Lichten-Stein)									
2. Bosnia - Herzegovina									
3. Belgía									
4. Búlgaría									
5. Corsíka									
6. Finnland									
7. Frakkíð. (Monaco)									
8. Frakkíð									
9. Holland									
10. Ítalía									
11. Luxemburg									
12. Montenegro									
13. Noregur									
14. Portugal									
15. Rúmenía									
16. Rússland									
17. Serbía									
18. Spánn									
19. Sviaríki									
20. Svísa									
21. Tyrkland									
22. Þýzkaland									

At þeim, sem sendir, á að taka 300 frk. og þar undir: 300 frk. og þar undir: Dönsku póststjórninni skal endurgoldið fyrir 300 frk.

Dönsku póststjórninni skal endurgoldið: inni skal endurgoldið: Af þeim, sem sendir, á að taka 300 frk. og þar undir: Dönsku póststjórninni skal endurgoldið fyrir 300 frk.

1) Sjúu póstböggjarnir fluttir með landpósti að nokkrum leyti, skal þar að auki taka fyrir þá burðargjald yfir land.

2) Að eins fyrir póstböggla með verði yfir 500 frk.

3) Fyrir almennu póstböggla og verðböggla allt að 500 frk.